

manna. Búnaðarmálastjóri skal vera einn þeirra, annar skipaður af hæstarétti og hinn þriðji skipaður af atvinnumálaráðherra.

11
1. febr.

3. gr.

Lönd þau, sem Hafnarfjarðarkaupstaður kann að eignast eða fá á leigu á þennan hátt, er honum skylt að leigja bæjarmönnum, eða ráðstafa á annan hátt til ræktunar, í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Þó er honum óheimilt að selja landið aftur.

4. gr.

Eftir því sem eignarnám þetta er framkvæmt að því er snertir 1.—3. tölu- lið 1. gr., og landið er afhent Hafnarfjarðarkaupstað, skal það lagt undir lög- sagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar og kaupstaðarsvæðið stækkað sem því nemur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaluborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um búreikningaskrifstofu ríkisins.

12
1. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stofna skal og starfrækja búreikningaskrifstofu undir yfirstjórn Búnaðar- félags Íslands. Skal það fela ákveðnum manni stjórn hennar og leggja honum til aðstoð og starfsfé, svo sem nauðsyn ber til.

12

1. febr.

Ríkissjóður skal endurgreiða Búnaðarfélagi Íslands kostnað við búreikningaskrifstofu, en þó má sá kostnaður ekki fara fram úr 3000 kr. á ári.

3. gr.

Hlutverk búreikningaskrifstofunnar er:

1. Að leiðbeina bændum með færslu búreikninga og stuðla að því, eftir því sem við verður komið, að bændur færi sem gleggsta reikninga um búrekstur sinn.
2. Að safna búreikningum viðsvegar af landinu, bæði frá einstökum bændum og bændum, sem bundizt hafa félagsskap með færslu búreikninga, með það fyrir augum að fá sem réttasta mynd af búrekstri bænda yfirleitt og jafnframt af einstökum greinum landbúnaðarins.
3. Að gera upp búreikninga, er skrifstofunni berast, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu, og vinna úr þeim hagfræðilegar upplýsingar um allar greinar landbúnaðarins, eftir því sem efni standa til. Birta skal skrifstofan yfirlitsskýrslu um niðurstöður sínar fyrir hvert ár svo fljótt sem við verður komið.
4. Að gefa út aðgengileg eyðublöð fyrir búreikninga með glöggum skýringum.
5. Að gangast fyrir búreikninganámskeiðum til að leiðbeina bændum og starfsmönnum bænda, sem bundizt hafa félagsskap með færslu búreikninga.
6. Að vera ríkisstjórninni til aðstoðar með hagfræðilega útreikninga og skýringar á sviði landbúnaðarins, ef hún óskar þess.

4. gr.

Bændaskólum og öðrum ríkisstofnunum, er reka landbúnað, er skylt að færa búreikninga yfir búreksturinn eftir þeim fyrirmyndum, er búreikningaskrifstofan segir fyrir um. Búreikninga þessa eða afrit af þeim skal senda búreikningaskrifstofunni eftir lok hvers reikningsárs.

5. gr.

Forstöðumanni búreikningaskrifstofunnar og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag eða tekjur einstakra manna eða stofnana.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1936.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.